

Til: Sveitarstjórnar Dalabyggðar
Frá: Stjórn Bakkahvamms hses.

Búðardal, 14.10.2021

Efni: Umsókn um stofnframlag frá Dalabyggð til uppbyggingar almennra íbúða.

Húsnæðissjálfsseignarstofnunin Bakkahvammur á í dag og rekur þrjár almennar íbúðir að Bakkahvammi 8a-c í Búðardal. Stofnunin fékk íbúðirnar afhentar í lok maí 2020 og var þeim um leið úthlutað til leigu. Síðan þá hafa þær ávalt verið í útleigu og aldrei staðið auðar þó leigjandaskipti hafi orðið í einni íbúðinni á tímabilinu sem sýnir vel mikilvægi þess að þær skuli hafa verið byggðar.


Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins vegna húsnæðis í samræmi við lög nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Að mati stjórnar Bakkahvamms hses. er þörf á fleiri íbúðum í sveitarfélaginu þar sem núverandi staða húsnæðismarkaðar hamlar bæði fjölgun íbúa og frekari atvinnuuppbyggingu. Því var samþykkt á stjórnarfundum Bakkahvamms hses. þann 13. október 2021 að sækja um stofnframlag til Dalabyggðar fyrir byggingu á þremur 3 herbergja íbúðum.

Fyrir 24. október þarf að skila inn staðfestingu um veitingu stofnframlags af hálfu þess sveitarfélags þar sem almennar íbúðir verða staðsettar. Því er með erindi þessu óskað eftir að Dalabyggð leggi til stofnframlag í samræmi við lög um almennar íbúðir.

Forsendur fyrir umsókn þessari eru því þrjár íbúðir um 100fm hver og er metið að stofnvirði þeirra geti verið um 98.000.000kr.- og miðað við 12% yrði stofnframlag sveitarfélagsins 11.760.000kr.-

Virðingafyllst,



F.h. Bakkahvamms hses.
Einar Jón Geirsson, formaður